

Listasafn Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, sem kaupandi og Jóhann K Eyfells, kt. 210623-4509, sem seljandi gera með sér eftirfarandi:

## Samningur um kaup á listaverkinu *Íslandsvarða*

Samningsskilmálar kaupanna eru eftirfarandi:

1. Seljandi selur og afsalar til kaupanda, Reykjavíkurborg, listaverk sitt Varða #7 sem nú er nefnt *Íslandsvarða* (hér eftir listaverkið) og stendur við Sæbraut.
2. Kaupandi skal greiða til seljanda eingreiðslu að fjárhæð 27.500.000,- (tuttuguogsjömilljónfimmhundruðþúsundkróna) fyrir listaverkið. Kaupverð skal í síðasta lagi greitt þann 15. apríl 2018. Um er að ræða fullnaðargreiðslu og kemur ekki til frekari greiðslna vegna verksins og notkunar þess af hálfu kaupanda.
3. Kaupandi hefur haft listaverkið að láni frá seljanda frá árinu 2010 er borgarráð samþykkti lánsamning þess efnis. Á samningstímanum hefur Listasafn Reykjavíkur hafa eftirlit og umsjón með listaverkinu í samræmi við það hlutverk safnsins að sjá um útilistaverk í umsjón Reykjavíkurborgar. Kaupandi þekkir ástand verksins og sættir sig við það að öllu leyti.
4. Kaupanda er heimil öll notkun og sýning á listaverkinu með hvaða hætti sem er, t.d. í sýningarskrám, bæklingum, póstkortum og auglýsingum í fjölmiðlum, að teknu tilliti til réttinda seljanda skv. 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972.
5. Greiðsla skv. samningi þessum felur í sér fullnaðargreiðslu fyrir öll réttindi seljanda og seljandi samþykkir jafnframt að ekki komi til frekari greiðsla fyrir höfundar- og /eða sýningarrétt af þeim sökum.
6. Með undirritun á kaupsamning lýsir seljandi því yfir að kaupandi, Reykjavíkurborg, er löglegur og réttur eigandi listaverksins *Íslandsvörðu* sem stendur við Sæbraut.
7. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
8. Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Borgarráðs. Samþykki Borgarráð ekki kaupin er samningur þessi óskuldbindandi án bótaábyrgðar seljanda eða Listasafns Reykjavíkur.

Til staðfestingar öllu ofangreindu rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 2018

f.h. Reykjavíkurborgar,

f.h. Jóhanns Eyfells,

Vottar að rétti dagsetningu og undirritunum:

-----  
Vitundarvottur kennitala

-----  
Vitundarvottur kennitala